



**Ávarp forseta Íslands  
Guðna Th. Jóhannessonar  
á ráðstefnu í  
Veröld – húsi Vigdísar Finnbogadóttur  
í tilefni af hálftrar aldar afmæli Norræna hússins**

**24. ágúst 2018**

Vigdís Finnbogadóttir,  
Ólafur Ragnar Grímsson,  
formaður Norðurlandaráðs,  
ráðherrar  
og aðrir góðir gestir

Við komum hér saman og fögnum því að hálf öld er liðin síðan dyr Norræna hússins í Reykjavík voru opnaðar. Það var heillastund, staðfesting á hinum sterku tengslum milli Íslands og hinna norrænu ríkjanna, staðfesting á stað Íslands í norrænum heimi. Kæru vinir, þetta er í hnotskurn hlutverk Norræna hússins í íslensku mannlífi.

Árið 1968 voru norræn áhrif sterk hér á landi, einkum hin dönsku. Í framhaldsskólum og Háskóla Íslands voru kennslubækur gjarnan á dönsku. Í Ríkissjónvarpinu birtust norrænar bíómyndir og annað efni þaðan, jafnvel svo ungum dreng sem óskaði þess heitast að horfa á kúrekamynd á föstudagskvöldi, fannst nóg um. Hingað bárust líka dönsku blöðin, *Famile Journal*, *Hjemmet* og *Se og hør*. Og Íslendingar sóttu helst til frændþjóðanna í Noregi, Danmörku og Svíþjóð þegar þeir héldu til háskóla- og iðnnáms. Fimm árum eftir opnun Norræna hússins, þegar jarðeldar kviknuðu á Heimaey, sýndu hinar norrænu vinarþjóðir auk þess stuðning og velvild í verki. Þá höfðum við Íslendingar líka

fengið aftur í okkar hendur frá dönskum stjórnvöldum stóran hluta hinna íslensku handrita. Svo má ekki gleyma því, góðir áheyrendur, að þegar þeir sem voru fæddir hér á landi árið 1968, fyrir hálfri öld, fóru að geta stautað drógust þeir oftast en ekki fyrst að Andrésí önd – á dönsku.

Norræna húsið féll vel inn í þennan veruleika, norrænt í útliti og anda fyrir tilstilli hins frábæra finnska arkitekts, Alvars Aaltos. Í fimmtíu ár hafa norræn vinabönd verið treyst í Norræna húsinu, með tónleikum, listsýningum og öðrum viðburðum, með bókasafninu góða og stöðugu framboði norrænna blaða og tímarita, auk hljóðbóka og myndefnis og safnkost má finna á sjö norrænum málum, dönsku, finnsku, færeysku, grænlenzku, norsku, samísku og sænsku.

Vingjarnlegt starfsfólk og stjórnir hafa komið og farið, farsælir forstjórar sömuleiðis, og nú er liðin hálf öld. Nú hefur margt breyst. Danska er ekki lengur fyrsta erlenda málið sem íslenskir grunnskólanemar læra. Andrés önd er ekki lengur lesinn á dönsku hér á landi – *suk* og *snøft*! Og ekki nóg með það; ráðamenn einu íslensku sjónvarpsstöðvarinnar sem þá var ákveðna ekki lengur að nú skuli þjóðin helst horfa á „skandinavískar vandamálamyndir“ eins og einhvern tímann var komist að orði. Nú ræður fjölbreytni blessunarlega í afþreyingu, þótt margt sé þar að vísu með fullmiklum engilsaxneskum brag. Innan Norðurlanda hefur fjölbreytni jafnframt aukist á öllum sviðum. Í þessari viku hófst grunnskólinn á ný á Íslandi eftir sumarfrí. Í Reykjavík eru skólabörn núna frá um hundrað þjóðlöndum og þau tala samtals um 70 ólík tungumál. Við getum varla krafist þess að þau verði fullnuma í bæði íslensku og dönsku, fyrir utan önnur tungumál. Í norrænu samstarfi teygjum við okkur auk þess í sífellt meiri mæli út fyrir eldri mörk, og er þá nærtækast að nefna vini okkar í Eystrasaltslöndunum þremur, Eistlandi, Lettlandi og Litháen. Þar tala fáir skandinavísk mál.

Tímarnir breytast og mennirnir með. Í Konungsskuggsjá segir svo um tungumál og mikilvægi þess að skilja annað fólk, bæði innan Norðurlanda og utan: „Og ef þú vilt verða fullkominn í fróðleik, þá nem þú allar mállýskur, en allra helst latínu og völsku [frönsku]. Því að þær tungur ganga víðast. En þó týndu eigi að heldur þinni tungu.“

Nú er enska orðin okkar „lingua franca“ og sjálfsagt að hún sé notuð í norrænu samstarfi þótt okkur Íslendingum sé til dæmis engin skotaskuld að spreyta okkur líka á skóladönskunni í samræðum og á fundum.

Og kæru norrænu vinir! Gleymum því ekki að stundum hrikti í stoðum norræns samstarfs. Já, nú ýki ég aðeins en eitt sinn munaði minnstu að upp úr syði á Norðurlandaráðsþingi. Fulltrúar Dana töluðu sem þeir væru heima hjá sér, eins og sagði í frásögn af þinginu, „með samhljóðana svo langt niðri í maga að ekkert heyrir nema sérhljóðablástur í mismunandi tónhæðum“. Finnar hótuðu að tala bara sína finnsku, bættu Danir ekki ráð sitt, kvæðu fastar að og mæltu ögn hægar. Og þeir gerðu það! Þegar fólk sýnir í raun og sann norrænan samstarfsvilja er það umburðarlynt og opið, skilningsríkt og víðsýnt.

Góðir áheyrendur: Hálfri öld eftir opnun Norræna hússins í Reykjavík getum við horft björtum augum fram á veg. Heimurinn hefur breyst, Norðurlöndin hafa breyst, áskorunum þarf að mæta nú sem fyrr. Við Íslendingar munum áfram meta að verðleikum norrænt samstarf. Við munum áfram flykkjast til náms og starfa í hinum norrænu ríkjunum, og þakka jafnvel okkar sæla fyrir að hafa lært norrænt mál í skólanum. Við munum áfram njóta menningar og afþreyingar vina okkar annars staðar á Norðurlöndum. Og Norræna húsið mun áfram leika veigamikilið hlutverk í íslensku mannlífi, vettvangur alls þess besta sem menning íbúanna á Norðurlöndum hefur upp á að bjóða.